

Skipulags- og umhverfisnefnd



Langanesbyggð

Umboð

Nefndin starfar í umboði sveitarstjórnar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu, samþykkt um stjórn Langanesbyggðar og lögum eftir því sem við á.

Skipan nefndarinnar

Í skipulags- og umhverfisnefnd eiga sæti fimm aðalmenn og fimm til vara sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Sveitarstjórn kýs formann og varaformann nefndarinnar á sama fundi og nefndarkjör fer fram.

Auk kjörinna nefndarmanna á sveitarstjóri rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Þá er nefndinni heimilt að kalla til sín sérhvern þann er tengist þeim málefnum sem nefndin fjallar um hverju sinni.

Hlutverk

Hlutverk skipulags- og umhverfisnefndar er að fara með verkefni sem varða verksvið sveitarfélagsins í skipulagsmálum, náttúruverndarmálum, umhverfismálum og framkvæmda á vegum sveitarfélagsins.

Nefndin hefur eingöngu heimild til þess að stofna til útgjalda á grundvelli gildandi ákvæða í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins hverju sinni. Hafi afgreiðsla nefndarinnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir, skal slík afgreiðsla ætíð lögð fyrir byggðarráð og sveitarstjórn og öðlast hún ekki gildi fyrr en með samþykkt sveitarstjórnar.

Nefndin gerir tillögur til byggðarráðs og sveitarstjórnar og meðal hlutverka hennar er:

- Að tryggja að framkvæmd skipulags- og byggingarmála verði ávallt í samræmi við markmið gildandi aðalskipulagsáætlunar og deiliskipulagsskilmála á hverjum tíma.
- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar í skipulags- og umhverfismálum.
- Að stuðla að kynningu til almennings og fyrirtækja um skipulags- og umhverfismál.
- Að gera tillögur um markmið og úrbætur í skipulags- og umhverfismálum í sveitarfélaginu.

- Að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið sveitarstjórnar í skipulags- og umhverfismálum nái fram að ganga.
- Að sinna stefnumótunarverkefnum í umhverfismálum sveitarfélagsins á hverjum tíma.
- Að vinna að því að efla vitund íbúa sveitarfélagsins á mikilvægi umhverfisverndar.
- Að hafa eftirlit með svæðum á náttúruminjaskrá og opinberum skógræktar- og landgræðslusvæðum, opnum svæðum, almennum leikskvæðum, útivistarsvæðum og gönguleiðum.
- Að leggja fram tillögur að merkingu gönguleiða, náttúruminja, fornminja og staða sem hafa sögulegt gildi.
- Að hafa eftirlit með skráðum og friðlýstum fornminjum og leggja fram tillögu til aðgerða ef hætta er talin á að þær raskist eða fari forgörðum.
- Að fara með málefni sorphreinsunar í sveitarfélaginu.
- Að hafa frumkvæði að aðgerðum til að efla endurvinnslu og endurnýtingu með sorphlokkun.
- Að sjá til þess að fylgt sé lögum, reglum og fyrirmælum er varða fráveitumál.
- Að stuðla að niðurrifi ónýtra húsa og bygginga og að rusl sé ekki skilið eftir á víðavangi s.s. girðingar o.fl.
- Að gangast fyrir sérstöku átaki til förgunar á brotajárni og hreinsunarátaki svæðisbundið eða almennt í sveitarfélaginu.
- Að stuðla að fegrun sveitarfélagsins og snyrtilegri umgengni, fallegum mannvirkjum og áhugaverðum verkefnum á sviði umhverfisnefndar.
- Að fara með málefni er varða samgöngur, umferð og umferðaröryggi í sveitarfélaginu.
- Að gera með tillögu að úthlutun lóða og leigulands í sveitarfélaginu í samræmi við leiðbeinandi reglur um úthlutun lóða sem sveitarstjórn setur
- Að fylgja eftir samþykktri stefnu í málaflokkum nefndarinnar hjá sveitarfélaginu.
- Að vera ráðgefandi fyrir sveitarstjóra, byggðarráð og sveitarstjórn í þeim málaflokkum sem undir nefndina heyra.
- Að yfirfara drög að fjárhagsáætlun vegna þeirra málaflokka sem undir starfssvið nefndarinnar heyrir og eftir atvikum koma með tillögur að breytingum.
- Að sjá um önnur þau verkefni sem sveitarstjórn felur henni á sviði skipulags- og umhverfismála.

Í þeim tilfellum sem sérstakur starfsmaður sinnir þeim málaflokkum sem nefndin fjallar um skal nefndin vinna náið með viðkomandi og tryggja að starfið sé í samræmi við samþykktu stefnu Langanesbyggðar.

Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og athafnir séu ávallt í þágu allra íbúa sveitarfélagsins og að fulltrúar í nefndinni setji ávallt almannahagsmuni ofar öðrum hagsmunum.

Starfshættir

Um starfshætti nefnda er fjallað í samþykkt um stjórn Langanesbyggðar og skal þeim fylgt þar sem við á, s.s. um boðun funda, fundargerðir, stjórn á fundum, fundarsköp o.fl.

Nefndin kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma sem tilgreindur er í fundaáætlun fyrir sveitarstjórn, byggðarráð og fastanefndir sem sveitarstjórn samþykkir tímanlega fyrir komandi ár hverju sinni. Nefndin gerir tillögu til sveitarstjórnar um fundartíma nefndarinnar. Fundir nefndarinnar skulu að jafnaði ekki standa lengur en 2 klst. í senn. Aukafundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða ef sveitarstjóri eða a.m.k. þrír nefndarmenn óska þess.

Formaður sér um boðun funda í samráði við sveitarskrifstofu. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent öllum fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundinum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Aukafund er heimilt að boða með sólarhringsfyrirvara. Heimilt er að boða fund með rafrænum hætti.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti kjörinna nefndarmanna er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

Formaður nefndarinnar skal halda sveitarstjóra upplýstum um störf nefndarinnar.

Eftirfylgni

Formaður nefndarinnar skal snúa sér til sveitarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykktu nefndarinnar. Sveitarstjóri sér um að ákvarðanir sem teknar eru af hálfu sveitarstjórnar komist til framkvæmda.

Réttindi og skyldur nefndarmanna

Um réttindi og skyldur aðal- og varamanna í nefndinni gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Langanesbyggðar, eftir atvikum, s.s. ákvæði IV. kafla samþykktar um stjórn Langanesbyggðar sem varðar réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal nefndin taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem gilda um starfssvið hennar. Þá skal nefndin fylgja sveitarstjórnarlögum og samþykktum um stjórn Langanesbyggðar eins og þau eru á hverjum tíma.

Samþykkt í sveitarstjórn Langanesbyggðar 7. febrúar 2019

